



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 23. janúar 2013 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8<sup>00</sup> á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Samþykktir um stjórn sveitarfélagsins

Fyrir fundinum lá tillaga að samþykktum sveitarfélagsins sem eru byggðar á fyrirmynd frá innanríkisráðuneytinu og aðlagðar að sveitarfélaginu. Fyrirmyndin að samþykktinni er í níu köflum og taka þeir til hinna ýmsu sviða í stjórn sveitarfélaga, svo sem skipan sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélags, fundarsköp, réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna og fleira. Hún er unnin á grundvelli 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og gildir þar til ráðuneytið hefur staðfest sérstaka sambærilega samþykkt fyrir sveitarfélagið.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi drög og minnisblað sem sveitarstjóri hafði samið um þau atriði sem þyrftu sérstakrar skoðunar eða ákvarðana við. Einnig var til umræðu starfsáætlun sveitarstjórnar fyrir árið 2013 sem hluti af skipulagi sveitarstjórnar. Samþykktunum var vísað til annarrar umræðu og sveitarstjóra falið að gera breytingar á fyrirbyggjandi drögum í ljósi þeirrar umræðu sem varð á fundinum.

### 2. Íbúáþing

Fyrir fundinum lá minnisblað frá framkvæmdastjóra SSNV. Minnisblaðið inniheldur drög varðandi samstarf SSNV og Sveitarfélagsins Skagastrandar um útfærslu, undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu íbúáþings sem haldið verður á Skagaströnd í mars 2013. Oddviti fór yfir helstu þætti í fyrirbyggjandi gögnum og óskaði eftir tillögum sveitarstjórnar og hugmyndum um málið. Samþykkt að oddviti, varaoddviti og sveitarstjóri útfæri málið nánar í samráði við SSNV.

### 3. Dreifnám

Halldór gerði grein fyrir stöðu dreifnámsverkefnisins sem gengur út á að bjóða nemendum í A-Hún upp á framhaldsskólanám í heimabyggð. Miðað sé við að starfsstöð dreifnáms verði á Blönduósi og nemendur sem eigi heima annarsstaðar í A-Hún bjóðist daglegur akstur eða stuðningur við daglegar ferðir. Dreifnámið verði unnið í samstarfi og á forsendum FNV. Halldór lagði fram og kynnti svohljóðandi tillögu frá dreifnámshópi A-Hún:



### **Tillaga dreifnámsþóps til sveitarstjórna í A-Hún um framkvæmdaráð um dreifnám í A-Hún.**

Framkvæmdaráð um dreifnám í A-Húnavatnssýslu skal undirbúa og annast allan undirbúning að því að dreifnám hefist á Blönduósi haustið 2013. Skipunartími framkvæmdaráðsins er til næstu sveitarstjórnarkosninga vorið 2014. Skipa skal einn fulltrúa og einn til vara frá hverju sveitarfélagi ásamt fræðslustjóra sem vinnur með framkvæmdaráðinu. Framkvæmdaráðið heyrir undir Félags- og skólaþjónustu A-Húnavatnssýslu(FSAH) og skal framkvæmdaráðið leggja fram fjárhagsáætlun fyrir verkefnið sem stjórn FSAH staðfestir eftir umsögn einstakra sveitarfélaga. Öll fjársýsla skal vera í höndum FSAH.

Sveitarstjórn samþykkti tillöguna fyrir sitt leyti og samþykkti að kjósa Halldór G. Ólafsson í framkvæmdaráðið og Jensínu Lýðsdóttur til vara.

#### **4. Menningarverkefni**

Fyrir fundinum lágu drög að umsóknum og umsögnum um menningarverkefni sem sveitarfélagið styður eða tengist og fyrirhugað er að sækja um til Menningarráðs Norðurlands vestra.

- a) Umsókn með Munin kvikmyndagerð um gerð heimildarmyndar um Hallbjörn Hjartarson. Sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við að sveitarfélagið væri meðumsækjandi um verkefnið.
- b) Ljósmyndabók um Skagaströnd sem Nes listamiðstöð og Andrea Weber sækja um styrk til. Í verkefninu er gert ráð fyrir að sveitarfélagið leggi fram afnot mynda og aðgang að húsnæði og gögnum. Sveitarstjórn gerið ekki athugasemd við hlutdeild eða stuðning sveitarfélagsins.

#### **5. Gjaldskrár**

Fyrir fundinum lá tillaga að nokkrum gjaldskrár  
Eftirtaldar gjaldskrár voru samþykktar og sveitarstjóra falið að senda þær sem við á til heilbrigðiseftirlits Nl. vestra til umsagnar:

- a) Gjaldskrá fyrir hundahald á Skagaströnd
- b) Gjaldskrá fyrir kattahald á Skagaströnd
- c) Gjaldskrá fyrir íþróttahús og sundlaug
- d) Gjaldskrá fyrir félagsheimilið Fellsborg

Samþykkt að miða við að gjaldskrárnar gildi frá 1. janúar 2013.

#### **6. Undirbúningur hitaveituvæðingar**

- a) Fyrir fundinum lá álit lögfræðings Mannvirkjastofnunar á ákvörðun byggingarfulltrúa um að gera kröfu um að húseigendur á Skagaströnd sem setja



ofnakerfi fyrir hitaveitu í hús sín í stað rafmagnspilofna þurfi að leggja fram teikningar/hönnun á ofnakerfinu.

Niðurstaða lögfræðingsins var að við nýlögn hitalagna, t.d. ef breytt er úr rafmagnspilofnum í hitaveitu, þurfi að skila inn lagnauppdráttum sbr. 4.4.6. gr. reglugerðarinnar. Um hönnun lagna og tæknibúnaðar gildi síðan ákvæði 14. hluta reglugerðarinnar.

Álit lögfræðingsins var til kynningar.

b) Í framhaldi af umræðu á fundi sveitarstjórnar 5. desember sl. um stuðning við húseigendur sem þurfa að leggja í miklar breytingar á húseignum sínum voru lögð fram drög að samþykkt um stuðning við húseigendur vegna hitaveitu. Mikil umræða varð um samþykktina og gerðar á henni nokkrar breytingar og hún samþykkt. Sveitarstjóra falið að ganga frá texta samþykktarinnar.

## 7. Bréf:

a. Mílu hf. dags. 9. janúar 2013

Með bréfinu býðst Míla til að taka við samkomulagi við Rarik um lagningu ljósleiðarakerfis um Skagaströnd samhliða lagningu hitaveitulagna. Jafnframt býðst Míla til að skuldbinda sig til að eiga og reka opið ljósleiðaraaðgangsnét á svæðinu ef samkomulag næst um málið.

Fyrir fundinum lá álit lögfræðings sveitarfélagsins á hvort samkomulag um málið standist lagakröfur. Oddvita og sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu í ljósi umræðu á fundinum og þeirra gagna sem fyrir honum lágu.

b. Lögfræðings Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 20. des. 2012

Með bréfinu vekur Guðjón Bragason lögfræðingur Sambands ísl. sveitarfélaga athygli á helstu lagabreytingum sem samþykktar voru 19. desember 2012 og varða sveitarfélög. Bréfið var til kynningar.

c. Framkvæmdastjóra Bs. um menningu og atvinnumál, dags. 20. des. 2012

Með bréfinu er vísað til fundar stjórnar 7. nóvember sl. þar sem var bókað:

„ Samþykkt var að leggja það til við sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu að málefni Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna að Reykjum verði á forræði Byggðasamlags um menningu og atvinnumál í stað einstakra sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu.“ Við afgreiðslu á fundargerð stjórnar Bs. um menningu og atvinnumál á fundi 5. desember var fyrrgreint fyrirkomulag samþykkt. Sú afgreiðsla var staðfest.



d. Skógræktarfélag Íslands, dags. 30. nóv. 2012

Með bréfinu er kynnt ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins sem haldinn var á Blönduósi 24.-26. september 2012. Í ályktuninni eru aðildarfélög, sveitarfélög, stofnanir og einstaklingar hvattir til að nýta frjósamar lúpínubreiður til skógræktar. Bréfið var til kynningar.

e. Landsbyggðin lifi, dags. 2. nóv. 2012

Með bréfinu er sótt um styrk vegna starfsemi félagsins. Ekki var áhugi á að verða við erindinu.

f. Snorraverkefnisins, dags. 8. nóv. 2012

Með bréfinu er óskað eftir að sveitarfélagið styðji við verkefnið með fjárframlagi og/eða taka þátttakanda í starfsþjálfun. Ekki var áhugi á að taka þátt í verkefninu.

g. Foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum, dags. 26. okt. 2012

Með bréfinu er hvatt til þess að sveitarfélög komi í veg fyrir að áfengi sé auglýst á íþróttasvæðum hvort sem þau eru rekin á vegum sveitarfélaga eða íþróttafélaga. Bréfið var til kynningar.

## 8. Fundargerðir:

a. Hafnarnefndar, 10.01.2013

Sveitarstjórn samþykkti niðurstöðu hafnarnefndar í 3. lið fundargerðarinnar þar sem ákvörðun er tekin um að ráðast í framkvæmdir við lengingu viðlegukants á Miðgarði. Fundargerðin var að öðru leyti til kynningar.

b. Fræðslunefndar, 17.12.2012

Sveitarstjórn staðfesti niðurstöðu fræðslunefndar í dagskrárlið 2. c þar sem samþykkt var tillaga að breyttum úthlutunarreglum. Fundargerðin var að öðru leyti til kynningar.

c. Byggðasamlags um menningu og atvinnumál, 19.12.2013

Fundargerðin var til kynningar.

d. Menningarráðs Norðurlands vestra, 6.12.2012

Fundargerðin var til kynningar.

e. Menningarráðs Norðurlands vestra, 18.12.2012

Fundargerðin var til kynningar.



f. Stjórnar Norðurár bs. 29.11.2012  
Fundargerðin var til kynningar.

g. Almannaþingarnefndar Húnavatnssýslna, 28.11.2012  
Fundargerðin var til kynningar.

h. Skólanefndar FNV, 12.12.2012  
Fundargerðin var til kynningar.

i. Stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðra, 4.12.2012  
Fundargerðin var til kynningar.

j. Stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðra, 27.12.2012  
Fundargerðin var til kynningar.

k. Stjórnar SSNV, 19.11.2012  
Fundargerðin var til kynningar.

l. Stjórnar SSNV, 4.12.2012  
Fundargerðin var til kynningar.

m. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga, 11.12.2012  
Fundargerðin var til kynningar.

n. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 23.11.2012  
Fundargerðin var til kynningar.

## 9. Önnur mál

- a) Sveitarstjórn ræddi reglur um hunda- og kattahald og taldi talsverð vanhöld á skráningu þessara gæludýra. Sveitarstjóra falið að ganga harðar eftir skráningu gæludýra.
- b) Rætt var um málefni Sæborgar og farið yfir fjölda dvalar- og hjúkrunarrýma og nýtingu þeirra.



Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11<sup>45</sup>

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson